

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Þórður Eiríksson, greiði gerðarpóla, Dóru Johnsen, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1943.

Nr. 87/1942. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
og

Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(cand. jur. Guttormur Erlendsson)
gegn

Lárusi Jóhannessyni og gagnsök (sjálfur).

Um fébótaábyrgð ríkis og sveitarfélags.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýj-
aða dóm.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. ágúst f. á., gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda, en að fjárhæð sú, sem dæmd er í héraði á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði niður færð og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum, að því er ríkissjóð varðar. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. sept. f. á. og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdir til að greiða honum kr. 50873.05 in solidum eða til vara í því hlutfalli, er dómurinn ákveður, ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo

krefst hann og málskostnaðar úr hendi hinna stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Lögreglumenn þeir, sem í máli þessu greinir, voru að rækja störf sín í lögreglu Reykjavíkur, þegar gagnáfrýjandi hlaut lemstur sitt. Yfirstjórn lögreglu Reykjavíkur og ákvarðanir um framkvæmd hennar eru falin handhöfum ríkisvalds. Athafnir lögreglu þessarar eru því þáttur í beitingu ríkisvalds, enda eru lögreglumennirnir um meðferð starfa síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur. Eru þess vegna ekki efni til þess að greiða gagnáfrýjanda bætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt annar lögreglumannanna tæki laun sín úr nefndum bæjarsjóði og bæjarstjórn hafi haft hönd í bagga með skipun hans. Ber því að sýkna borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, en málskostnaður gagnvart honum þykir eiga að falla niður.

Kemur þá til álitu krafa gagnáfrýjanda á hendur ríkissjóði. Það verður ekki talið lögreglumönnum til áfellis, þótt þeir skærust í leikinn, er gagnáfrýjandi ör af vini var að skipta sér af ölvuðum erlendum sjóliða, sem herlög-
reglumaður var að taka fastan. Hins vegar þykir það sýnt, að lögreglumennirnir hafa tekið gagnáfrýjanda of hörðum tókum, og það jafnvel þótt óhrakin sé sú staðhæfing þeirra, að hann hafi reynt að gera tilraunir til mótspyrnu.

Réttlátt þykir og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum að því leyti sem þau teljast opinberum starfsmönnum til ógætni, en verða ekki rakin til háttsemi þess aðilja, sem tjónið biður. Virðist sú meðferð máls og leiða til aukins öryggis þjóðfélagsþegnum og miða til varnaðar.

Samkvæmt atriðum þeim öllum, sem nú var lýst, þykir rétt að dæma fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða gagnáfrýjanda bætur, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 17000.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Gagnáfrýjandi hefur viðhaft meinyrði um lögreglustjóra Reykjavíkur í málflutningi sínum í máli þessu. Verður að vita gagnáfrýjanda fyrir það.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjar-sjóðs á að vera sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, Lárusar Jóhannessonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður niður þeirra á milli.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs greiði gagnáfrýjanda kr. 17000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. maí 1942 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. f. m., af Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarmálflutningsmanni hér í bæ gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum, að upphæð kr. 50873.05 eða annarri upphæð samkvæmt mati réttarins, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta í því hlutfalli, sem rétturinn kann að ákveða.

Stefndu krefjast *ad allega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins. *Til vara* mótmæla þeir kröfunum sem allt of háum.

Tildrög málsins eru þau, að um klukkan 11 að kveldi þess 20. jan. s. l., er stefnandi var að koma út úr gisti- og veitingahúsinu Hótel Heklu hér í bæ, var hann handtekinn af lögregluþjóninum Ólafi Guðmundssyni, en hann taldi stefnanda vera „mjög áberandi drukkin“ og vera heimildarlaust að skipta sér af athöfnum ameríksks lögreglumanns, sem var þarna að fást við ölvaðan sjóliða. Skeðu þessir atburðir að vestanverðu við tröppur veitingahússins gegnt Lækjartorgi. Ólafur og lögregluþjónninn Þorkell Guðbjartsson fóru síðan með stefnanda norður svonefnt Thomsenssund og út í Hafnarstræti áleiðis til lögregluvarðstofunnar í Pósthússtræti.

Héldu þeir sinn hvorri hendi hans fyrir aftan bak og leiddu hann þannig á undan sér. Segja þeir, að á móts við Kolasund hafi stefnandi staðnæmzt alveg og virzt ætla að leggjast í götuna. Þá og þar kippti Ólafur með nýju átaki vinstri hendi stefnanda upp á bakið í þeim tilgangi, að því er hann segir, að fá stefnanda til að risa upp og halda áfram, en Þorkell hélt jafnframt hægri hendi stefnanda uppi á bakinu. Við þetta átak Ólafs brotnaði vinstri handleggur stefnanda rétt fyrir ofan olnboga, og var stefnandi síðan fluttur í sjúkrahús, þar sem gert var að meiðslunum til bráðabirgða. Brotið reyndist mjög erfitt viðfangs, og varð stefnandi af þessum völdum að liggja í sjúkrahúsi frá 21. jan. til 10. marz þ. á.

Stefnandi heldur því fyrst og fremst fram, að umrædd handtaka hafi verið gersamlega ólögmat, eins og síðar verður vikið að. Meðferðin eftir handtökuna á leiðinni til lögregluvarðstofunnar hafi og verið svo hrottaleg, að það hljóti að varða við lög, og hafi lögregluþjónarnir Ólafur og Þorkell því tvímælaust unnið skaðabótaskyld verk með þessu atferli sínu. Þar sem Ólafur sé fastur starfsmaður í lögregluhlíði Reykjavíkur, en Þorkell taki laun úr ríkissjóði fyrir lögregluþjónsstörf sín, hljóti að vera heimilt að ganga að hinum stefndu aðiljum, bæjarsjóði Reykjavíkur og ríkissjóði, til greiðslu skaðabótanna, en lögregluþjónarnir hafi talið sig vera að vinna að skyldustörfum sínum, er atburðir þessir gerðust. Og með því að stefnandi telur, að hér hafi verið um sameiginlegt verk lögregluþjónanna að ræða, krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til greiðslu bótanna in solidum.

Stefndu hafa ekki viljað greiða stefnanda skaðabætur af þessum sökum án undangengins dóms, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu byggja stefndu á eftirtöldum atriðum:

I. Þeir telja, að tjón það, sem stefnandi kunni að hafa orðið fyrir vegna handleggsbrotsins, skapi honum ekki rétt til skaðabóta, þar sem umræddir lögregluþjónar hafi þarna verið að skyldustörfum sínum og framkvæmt þau þannig, að ekki sé ámælisvert. Stefnandi verði því sjálfur að bera þetta tjón sitt, enda eigi hann sjálfur sök á því með framferði sínu.

II. Enda þótt talið yrði, að lögregluþjónarnir hefðu hér unnið skaðabótaskyldan verknað, telja stefndu sig ekki bera ábyrgð á honum.

III. Stefndu halda því fram, að jafnvel þótt þeir verði taldir bera slíka ábyrgð, þá sé hér aðeins um vara-ábyrgð að ræða, þannig að stefnandi geti ekki krafizt sjálfstæðs dóms á hendur þeim fyrr en að undangenginni árangurslausri málssókn á hendur lögregluþjónunum.

Verða nú varnarástæður þessar teknar til athugunar.

Um I. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi umrætt kvöld verið staddur á Hótel Heklu og verið að bíða þar eftir manni, sem hann þurfti að hitta út af viðskiptamálefnum. Frá kl. 2½ til 6 e. h. um daginn kveðst hann hafa drukkið á að gízka 1 pela af brennivíni. Milli 6—7½ um kvöldið hafi hann drukkið um ½ litra af útlendu öli og síðan nokkra venjulega íslenska bjóra inni á gistihúsinu, meðan hann var að bíða. Klukkan rúmlega 11 hafi maðurinn ekki verið kominn, og kveðst stefnandi þá hafa ætlað að fara heim til sín. Hafi hann fundið litils háttar á sér af áfengi — verið örari —, en alls ekki svo, að hann væri ekki ferðafær og hefði ekki fulla skynsemi. Ókunnugir mundu ekki hafa séð á sér vin, a. m. k. svo, að nokkru næmi, og ekki hafi hann reikað í spori eða önnur ytri áfengisáhrif verið sýnileg. — Þegar stefnandi kom fram á ganginn á Hótel Heklu, var þar fyrir ölvaður amerískur sjóliði, sem ekki er upplýst, að stefnandi hafi þekkt neitt, og var hann að gefa viðstöddum dollaraseðla. Vildi nú stefnandi, að hermaðurinn kæmi heim með sér og fengi þar kaffi. Hélt sjóliðinn út úr húsinu og stefnandi á eftir, en á tröppunum hrasaði sjóliðinn. Má telja upplýst, að stefnandi reisti hann við og kom honum á fætur, en í þessum svifum kom amerískur lögregluþjónn þarna að og tók í sjóliðann. Kveðst stefnandi hafa sagt við lögreglumanninn, að þetta væri vinur sinn og hvort hann mætti ekki fara með sér. Lögreglumaðurinn anzaði þessu engu, bandaði hendi við stefnanda og fór burt með sjóliðann, en um leið komu hinir tveir íslensku lögregluþjónar á vettvang, eins og áður greinir.

Því til frekari stuðnings, að hann hafi ekki verið svo ölvaður, að handtaka sín hafi af þeim sökum verið heimil, bendir stefnandi á, að vitnin Einar Waage og Hjörleifur Jónsson, sem voru þarna nærstödd, hafa borið það, að þau hafi ekki séð nein áfengisáhrif á stefnanda og að hann hafi að öllu leyti verið stilltur og rólegur; að lögregluþjónarnir Hermundur Tómasson og Torfi Jónsson, sem gengu þarna fram hjá, hafi ekki veitt ölvun hans athygli; að læknir Landsspítalans Friðrik Kristófersson, sem skv. því er fyrir liggur, tók á móti stefnanda 8 mínútum eftir handtökuna, hefur borið það, að hann hafi að visu séð, að stefnandi var undir áhrifum áfengis, en framkoma hans hafi á engan hátt verið hneykslanleg, svo og að rannsókn á áfengismagni í blóði stefnanda umrætt kvöld (en blóðið var tekið eftir beiðni hans) sýni aðeins 2,03% áfengismagn, en síðar framkvæmdar rannsóknir læknanna Jóhanns Sæmundssonar og Valtýs Albertssonar veiti líkur fyrir því, að slíkt magn geti ekki hafa valdið hneykslanlegri ölvun hjá honum.

Fyrrgreindir lögregluþjónar halda því hins vegar ákveðið fram, að stefnandi hafi verið áberandi ölvaður, og sama bera ýmsir aðrir lögregluþjónar, er sáu stefnanda á lögreglustöðinni, eftir að hann hafði hlotið meiðslin, en þá var hann orðinn þjakaður, reiður og

á annan hátt illa farinn, og geta vitnisburðir þessir því ekki talizt veita örugga sönnun í þessu efni.

Af þeim gögnum, er fyrir liggja um þetta atriði, verður það helzt ráðið, að stefnandi hafi ekki verið hneykslanlega ölvaður, er umrædd handtaka fór fram, þótt framkoma hans kunni hins vegar að hafa verið slik, að lögregluþjónunum Ólafi og Þorkeli hafi mátt vera það ljóst, að stefnandi var undir áhrifum áfengis. Og þegar tekið er tillit til þess, að því er ómótmælt haldið fram, að lögreglu- unni hér í bæ hafi verið gefnar fyrirskipanir um að hafa sérstaka gát á því, að árekstrar verði ekki milli Íslendinga og erlendra her- manna, eins og nú standa sakir, og alveg sérstaklega að koma í veg fyrir slíkt, þegar um ölvaða menn er að ræða, þá þykir það út af fyrir sig ekki hafa verið ámælisvert af nefndum lögregluþjónum að skipta sér af stefnanda, eins og á stóð, og fjarlægja hann, þar sem þeir sáu, að hann átti í einhverjum skiptum við hinn ameríska lög- reglumann og það í sambandi við hinn ölvaða sjóliða.

Kemur þá næst til álita, hvort meðferð lögregluþjónanna á stefn- anda eftir handtökuna geti talizt forsvaranleg, eins og stefndu halda fram, enda telja þeir, að handleggsbrotið hafi aðeins orðið vegna óhappstilviljunar.

Lögregluþjónarnir Ólafur og Þorkell halda því fram, að Ólafur hafi í fyrstu leitt stefnanda einn, en er kom vestur í Thomsens- sund, hafi hann reynt að losa sig, og þá hafi þeir báðir tekið hendur hans laust aftur á bak honum og aðeins hert tókin, þegar hann hafi ætlað að sýna mótþróa.

Stefnandi heldur því hins vegar ákveðið fram, að Ólafur hafi þegar tekið vinstri höndina aftur á bak og ýtt sér áfram. Kveðst stefnandi þá hafa ætlað að kippa til sin hendinni, en hætt því eftir einn rykk vegna sársauka, enda hafi Þorkell þá komið til og brugðið hægri hendinni aftur á bakið og þannig hafi þeir báðir leitt hann undan sér. Stefnandi kveður það vera með öllu rangt, að hann hafi sýnt nokkurn mótþróa, en hins vegar hafi hann staðnæmzt snöggv- ast í Thomsenssundi og sagt við lögregluþjónana: „Er ykkur ljóst, að þið eruð að fremja lagabrot. Munið þið eftir dóminum í máli Karls Jónssonar læknis?“ Þessu hafi þeir ekki svarað öðru en að herða tókin enn meir. Kveðst stefnandi þá hafa reynt að lina þau með því að beygja sig áfram, og er þeir hafi verið komnir á móts við Kolasund, hafi hann verið orðinn hálf-boginn við hin síharðn- andi tók lögregluþjónanna. Hafi hann þá spurt: „Er það meiningin að handleggsbrjóta mig-“, og varla hafi hann verið búinn að sleppa orðinu, er hann hafi fundið, að vinstri upphandleggur brotnaði.

Vitnið Hjörleifur Jónsson hefur borið það, að Ólafur hafi í fyrstu tekið í öxl stefnanda og leitt hann þannig 2—4 skref, en þá hafi Þorkell og hann tekið sitt hvora hönd stefnanda aftur á bak og leitt hann þannig áfram. Fannst vitninu aðfarir þessar svo

hrottalegar, að það vék sér að lögregluþjónunum og það þá um að fara vel með stefnanda, en þeir önzudu því engu og bönduðu vitninu burt. Vitnið kveðst síðan hafa séð, að stefnandi staðnæmdist í norðanverðu Thomsenssundi, eins og hann vildi tala við lögregluþjónana, en þeir hafi ýtt honum áfram á sama hátt og áður. Á móts við Kolasund hafi þeir síðan tekið stefnanda upp og borið hann í áttina til lögregluvarðstofunnar. — Framburður vitnisins Einars Waage, sem einnig var áhorfandi að þessu, fer í sömu átt, og hdm. Gunnar Möller, sem átt hefur tal við hinn ameríska lögreglumann, hefur það eftir honum og hefur borið það fyrir rétti, að hann hafi séð, að lögregluþjónarnir færðu hendur stefnanda á bak aftur og leiddu hann þannig burt.

Af vitnisburðum þessum þykir sýnt, að umrædd frásögn stefnanda hafi að verulegu leyti við rök að styðjast. Verður að telja, að þessi meðferð lögregluþjónanna á stefnanda hafi, eins og á stóð, verið harðneskjuleg úr hófi fram. Og þrátt fyrir það, að stefnandi kvartaði við þá yfir meðferðinni og aðvaraði þá, svo og vitnið Hjörleifur Jónsson, fóru þeir í engu vægilegar að, heldur jafnvei hertu á tókunum. Í staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á einni svo nefndri „dagskipun“ lögreglustjóra til lögregluþjónanna er það og brýnt fyrir lögreglunni að fara varlega í þessu efni, en gera verður ráð fyrir, að lögregluþjónunum hafi verið kunn þessi fyrirhæli ráðuneytisins. Þar við bætist, að því er ómótmælt haldið fram, að lækni sá, Valtýr Albertsson, er m. a. kennir lögregluþjónunum ýmis handtök í starfinu, brýni það fyrir þeim að nota ekki baktök, eins og þau er hér um ræðir, nema í ýrtruðu nauðsyn og í neyðarvörn, en skv. því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki um slikt tilvik að ræða hér. — Með þessu atferli sínu verða báðir lögregluþjónarnir að teljast hafa gerzt svo brotlegir í starfi sínu, að það varði þá ábyrgð, enda verður að fallast á það með stefnanda, að hér hafi verið um sameiginlegan verknað að ræða.

Þessi varnarástæða stefndu verður því ekki tekin til greina.

Um II. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þar sem engin örugg lagaheimild sé til að láta þá bera ábyrgð á verkum starfsmanna eins og hér um ræðir, geti dómstólarnir ekki tekið kröfur sem þessar til greina.

Það er að visu svo, að engin almenn lagaákvæði eru til um skaðabótaábyrgð ríkis og bæjar í opinberri sýslan, er veiti beina úrlausn þessa atriðis. Þrátt fyrir það verður þó að telja, að dómstólarnir geti hér samkvæmt eðli málsins dæmt ábyrgð á hendur þessum aðiljum, ef efnisrök þykja hníga að því, enda eru ýmsar af reglum bótaréttarins myndaðar af dómstólunum án lagasetningar.

Um rökstuðning með og móti þessari ábyrgð hafa aðiljar aðallega vitnað til álits fræðimanna um þessi efni, og sérstaklega hefur

Því verið haldið fram af hálfu stefndu, að það mundi skerða uppeldisgildi bótareglunnar, ef ábyrgð sem þessi yrði viðurkennd.

Það mun að visu mega fallast á, að varnarviðleitni almennu skaðabótareglunnar vegi nokkru minna hér en í borgaralegri sýslan, en þó verður að telja, að ábyrgð sem þessi geti haft all-viðtæk og holl áhrif í þessu efni, og með tilliti til þessa, hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður á þann hátt, er hér um ræðir, og af öðrum ástæðum þykja meginrök hniga að því, að játa ábyrgð á hendur aðiljunum eins og stefndu í máli þessu, þegar atvikum er háttað eins og að framan er lýst.

Þessi varnarástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Um III. Þessu til stuðnings benda stefndu sérstaklega á, að áður nefnt uppeldisgildi skaðabótareglunnar skerðist mjög verulega, ef viðurkennd verði bein ábyrgð á hendur þeim. Eigi því aðeins vara-ábyrgð að koma hér til greina.

Þegar þess er gætt, að starfsmennirnir mega eiga von á endurgreiðslukröfum af hálfu hins opinbera, þegar svo stendur á sem hér, þykir nefnd varnarviðleitni ekki þurfa að bíða verulegan hnækki, þótt ábyrgðin á hendur hinu opinbera verði talin bein, sem rétturinn telur eðlilegast, eins og á stendur, og þá sérstaklega með tilliti til hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður.

Samkvæmt framanskráðu getur sýknukrafa stefndu því ekki orðið tekin til greina, en þeir verða hins vegar dæmdir til að greiða stefnanda in solidum bætur með þeirri upphæð, sem síðar greinir.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

Læknishjálp og hjúkrunarkostnaður	kr. 1424.30
Bætur fyrir atvinnutjón frá 21. jan. til 1. apríl þ. á. —	34448.75
Bætur fyrir þjáningar, smán og traustspjöll	— 15000.00
	<hr/>
	Alls kr. 50873.05

Fyrsti kröfuliður er viðurkenndur, en hinum er mótmælt sem allt of háum.

Kröfu sínu um bætur fyrir atvinnutjón byggir stefnandi á því, að hann hafi af völdum slyssins verið umrætt tímabil frá vinnu á málflutnings- og fasteignasöluskristofu sinni, en skv. vottorði fulltrúa hans og löggilts endurskoðanda hafi bókfærðar tekjur af verkum, sem stefnandi hafði sjálfur unnið fyrir á tímabilinu frá 21. jan. til 1. apríl f. á., numið kr. 19685.00. Við þessa upphæð bætir stefnandi 75% sumpart vegna hækkunar á verðlagi og sumpart vegna þess, að hann telur, að atvinnurekstur sinn veiti hærri tekjur í ár en í fyrra.

Til viðbótar því, sem þegar er sagt um meiðsli stefnanda og

veru hans í sjúkrahúsi, er þess að geta, að læknar þeir, sem stunduðu hann í veikindunum, telja, að umrætt handleggsbrot hafi orðið á versta stað. Gekk mjög illa að koma brotinu í viðunandi stellingar, og varð að gera margar tilraunir til þess. Var það þrisvar sinnum gert með staðdeyfingu, en annars ódeyft, og varð ekki hjá því komizt að valda sjúklingnum miklum sársauka við allar þessar aðgerðir. Varð 30 sinnum að taka röntgenmyndir af brotinu, og settar voru um það gipsumbúðir. Eftir að stefnandi fór úr sjúkrahúsinu þann 10. marz s. l., lá hann rúmfastur heima með umbúðirnar, þar til um mánaðamótin marz—apríl, er þær voru teknar. Síðar varð einnig að beita nuddaðgerðum við stefnanda. — Hann er ekki enn orðinn jafngóður, en skv. álitu læknanna mun hann að öllum líkindum ná fullum bata, en á all-löngum tíma.

Með tilliti til þessa alls, annarra atriða, er fyrir liggja í málinu, svo og þess, um hverskonar ábyrgð er hér að ræða, þykja bætarnar til stefnanda skv. 1., 2. og 3. lið í einu lagi hæfilega ákveðnar kr. 20000.00. Verður stefndu gert að greiða upphæð þessa in solidum ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1600.00.

Af hálfu stefndu hefur verið krafizt ómerkíngar á ýmsum ummælum stefnanda um lögreglustjórann í Reykjavík og lögregluþjóna. Eftir atvikum þykir þó ekki ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði in solidum stefnandanum, hrm. Lárusi Jóhannessyni, kr. 20000.00 með 5% ársvöxtum frá 27. maí 1942 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.